LUNDARSKÓLI

v/Dalsbraut
Árgangar: 1.-10. bekkur
Fjöldi nemenda: 425
Fjöldi starfsmanna: 70
Sími: 462 4888
Skólastjóri: Elías Gunnar Þorbjörnsson
www.lundarskoli.is/ lundarskóli@akureyri.is

Einkunnarorð: Lundarskóli, þar sem okkur líður vel

Í Lundarskóla viljum við skapa gott námsumhverfi þar sem nemendum líður vel og læra á ólíka vegu. Því er lagður metnaður í þróun skólastarfs og sífellt leitað leiða til að koma til móts við alla nemendur.

Lundarskóli er teymisskóli og nýtir teymiskennsluna sem leið til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Teymiskennslan eykur sveigjanleika skólastarfsins og gefur tækifæri til fjölbreyttari félagatengsla. Litið er á hvern árgang sem eina heild með fjölbreyttum námshópum í stað hefðbundinna bekkja. Í hverjum árgangi eru kennarateymi sem kenna nemendum og eru allir kennararnir með sameiginlega umsjón og sinna fjölbreyttum námsþörfum nemenda. Við Lundarskóla starfa sérkennarar, þroskaþjáfi og námsráðgjafi sem aðstoða kennara vegna nemenda sem þurfa sérstakan stuðning og utanumhald.

Í Lundarskóla eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir, með það að markmiði að mæta einstaklingsþörfum nemenda, bæta líðan þeirra, styrkja sjálfsmynd og efla námsárangur og færni í vinnubrögðum. Byrjendalæsi er í 1.- 4. bekk og hefur verið síðastliðin átta ár. Í Lundarskóla er stefnt að því að allir einstaklingar fái að njóta styrkleika sinna og t.d. er töluvert útiskólastarf á haust- og vordögum.

Lundarskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði SMT- skólafærni en þar er lögð áhersla á jákvæðan stuðning við hegðun nemenda. Áhersla er á samræmd viðbrögð alls starfsfólks til að stuðla að jákvæðu andrúmslofti í skólanum. Síðustu misseri hefur Lundarskóli unnið að markmiðum um heilsueflandi grunnskóla og í skólanum er lögð áhersla á hollt og gott nesti. Einnig drekka nemendur Lundarskóla aðeins mjólk og vatn í skólanum.
Starfsfólk Lundarskóla leggur áherslu á gott og öflugt samstarf við foreldra. Foreldrar eru ætíð velkomnir í skólann og er einnig boðið í sérstakar heimsóknir bæði til kennara og skólastjórnenda.